



Þekkingarsetur
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2008

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2009

MARS 2009

Mars 2009

Þekkingarsetur Þingeyinga

Forsíðumyndir:

Starfsfólk Þekkingarseturs Þingeyinga

Efri v.: Nýtt húsnæði Þekkingarsetursins að Hafnarstétt á Húsavík des. 2008

Efri h.: Útskriftahópur nýbúa á íslenskukennnámskeiði maí 2008

Neðri v.: Hádegisfyrirlestur Aðalbjargar Kristbjörnsdóttur á Húsavík sept. 2008

Neðri h.: Starfskonur Þekkingarseturs og Náttúrustofu í starfsmannafærð í Laxárdal ágúst 2008

Ábyrgð:

Þekkingarsetur Þingeyinga

Óli Halldórsson

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	7
SÍMENNTUNARSVIÐ.....	9
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	15
RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ.....	17

INNGANGUR

Þekkingarsetur Þingeyinga er svæðisbundin sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði símenntunar, háskólanáms og rannsókna. Starfssvæði Þekkingarsetursins er norðausturhorn landsins, eða Þingeyjarsýslur að viðbættum Bakkafirði. Starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga byggir á samstarfssamningi við menntamálaráðuneytið sem einnig liggur til grundvallar skipulagsskrá stofnunarinnar.

Í markmiðslýsingu samnings menntamálaráðherra og Þekkingarsetursins kemur eftirfarandi fram:

Þekkingarsetur Þingeyinga skal á samningstímanum vinna að eftirfarandi markmiðum:

- Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með símenntun, þjónustu á sviði háskólamenntunar og með rannsóknarstarfi.
- Að vera miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum og bjóða nám er tengist atvinnulífi og tómstundum. Jafnframt að veita námsráðgjöf og hafa milligöngu um framboð á fjarnámi.
- Að starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættri þjónustu við hákólanema.
- Að vera miðstöð rannsóknarstarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu.

*Samningur menntamálaráðuneytis og Þekkingarseturs
Þingeyinga, dags. 2. júní 2006. 1. gr.*

Skýrsla þessi er í senn ársskýrsla fyrir árið 2008 og starfsáætlun fyrir árið 2009, en sá háttur var einnig hafður á síðastliðið ár. Í skýrslunni er því að finna bæði grunnupplýsingar um starfsemi Þekkingarsetursins á árinu 2008, sem og helstu markmið fyrir starfseminu á árinu 2009. Umfjöllun er með þeim hætti að fjallað er um starfsemi ársins 2008 í upphafi hvers kafla en í lokin er greint frá markmiðum ársins 2009 á því sviði sem kaflinn fjallar um.

Í þessari skýrslu er ekki fjallað um fjárhag og vísast til ársreiknings 2008 hvað það varðar. Fjárhagsráðgjöf og löggilt endurskoðun Þekkingarsetursins er í höndum PricewaterhouseCoopers. Endurskoðaður ársreikningur 2008 verður gefinn út fyrir 1. júní 2009. Ársreikningurinn verður sendur menntamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun auk þess sem hann verður aðgengilegur öllum sem þess óska hjá Þekkingarsetri Þingeyinga.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Starfsfólk

Starfsmannahald 2007-2008	Áætlun fyrir 2008?	Niðurstaða 2008	Áætlun fyrir 2009?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	5,5	5,25	6,5
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	1,4	2,55	2
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,1	1,2	1,2
Alls:	8	9,0	9,9

Á árinu 2008 voru 7 starfsmenn hjá Þekkingarsetrinu í föstu starfi í um 5,25 stöðugildum.

Í fullu starfi allt árið voru forstöðumaður, verkefnastjóri símenntunar, þjónustufulltrúi og sérfræðingur á rannsóknasviði. Náms- og starfsráðgjafi og fagstjóri nýbúafraeðslu voru í hálfu starfi hvor á árinu. Á haustmánuðum tók Haraldur Reinhardsson að sér verkefnisstjórn sérverkefnis (sjálfbærni-verkefni) og var þá Aðalsteinn J. Halldórsson ráðinn á rannsóknasvið.

Útan fastra launþega er töluvert um tímabundin störf við verkefni á vegum Þekkingarsetursins, þ.e. námskeiðakennslu í verktakavinnu auk vinnu háskólanema við tímabundin rannsókn- eða þróunarverkefni. Að öllu þessu töldu úrheimti starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga 9,0 stöðugildi á árinu 2008.




Starfsfólk Þekkingarseturs Þingeyinga sumarið 2008 (fastir starfsmenn og hluti sumarfólks). Frá vinstri: Erla Dögg, Gréta Bergrún, Írena, Rannveig, Haraldur, Selma, Helena Eydís, Guðrún Ósk og Óli.

Fastir starfsmenn í árslok 2008:

	<p>Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) Sími: 464 5102 netfang: oli@hac.is B.A. heimspeki, M.A. umhverfisfr., dipl. kennslufr.</p>		<p>Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri símenntunar (100%) Sími: 464 5106 netfang: helena@hac.is B.Ed. kennari, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu</p>
	<p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Þjónustufulltrúi (100%) Sími: 464 5100 netfang: gudrun@hac.is Nemi í skrifstofustjórnun og skólaritun</p>		<p>Erla Dögg Ásgeirsdóttir Náms- og starfsráðgjafi (50%) Sími: 464 5104 netfang: erladogg@hac.is B.A. uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf</p>
	<p>Selma Kristjánsdóttir Fagstjóri nýbúafræðslu (50%) Sími: 464 5107 netfang: selma@hac.is B.Ed. kennari, M.A. nemi í fullorðinsfræðslu og fjölmenningu</p>		<p>Haraldur Reinhardsson Verkefnisstjóri – rannsóknir og þróun Sími 464 5105 netfang: haddi@hac.is B.A. samfélags- og hagþróunarfræði</p>
	<p>Aðalsteinn J. Halldórsson Sérfræðingur - rannsóknir og þróun (100%) Sími: 464 5103 netfang: ajh@hac.is B.A. stjórn málafræði, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu</p>		

Skipurit

Engar breytingar urðu á skipuriti Þekkingarsetursins. Hins vegar urðu áherslubreytingar einstakra starfa í lok árs 2008 sem miðuðu að því að bregðast við breyttu atvinnu- og efnahagsástandi. Þannig var starfi fagstjóra nýbúafræðslu breytt eftir breytingar á efnahags- og atvinnuástandi í almenna verkefnastjórn á símenntunarsviði, með áherslu á námsleiðir og aðgerðir fyrir atvinnuleitendur.



Stjórn

Stjórn þekkingarseturs Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Á árinu 2008 urðu töliverðar breytingar á stjórn. Aðalsteinn J. Halldórsson, sem tilnefndur var af Héraðsnefnd Þingeyinga, gekk úr stjórn en í árslok hafði héraðsnefnd ekki tilnefnt stjórnarmann í hans stað. Erla Sigurðardóttir gekk úr stjórn fyrir Norðurþing og tók Huld Aðalbjarnardóttir hennar sæti. Þá gekk Tryggvi Finnsson úr stjórn fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og tók Reinhard Reynisson hans sæti. Loks skipti Gunnar Baldursson frá Framhaldsskólanum á Húsavík sæti fyrir Hall B. Reynisson frá Framhaldsskólanum á Laugum.

Stjórn þekkingarseturs Þingeyinga:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	<i>Reinhard Reynisson</i>
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	<i>Hallur B. Reynisson (frhsk. á Laugum)</i>
Háskóli Íslands:	<i>Rögnvaldur Ólafsson</i>
Háskólinn á Akureyri:	<i>Hreiðar Valtýsson</i>
Héraðsnefnd Þingeyinga:	<i>---- (beðið nýrrar tilnefningar)</i>
Norðurþing:	<i>Huld Aðalbjarnardóttir</i>
Rannsóknastofnanir innan ÞÞ:	<i>Böðvar Pétursson (Náttúrustofu NA)</i>
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	<i>Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)</i>

Framkvæmdaráð samanstendur af þremur stjórnarmönnum sem starfa í umboði stjórnar milli fundar stjórnar.

Framkvæmdaráð þekkingarseturs Þingeyinga í árslok 2008:

Aðalsteinn Árni Baldursson
Huld Aðalbjarnardóttir
Reinhard Reynisson


Stjórn þekkingarsetursins kom saman til fundar 4 sinnum á árinu 2008 og framkvæmdaráð 9 sinnum. Alls voru því haldnir 13 fundir í stjórn og frkv.ráði.

Áætlun 2009: Stjórn og starfsfólk	
Stöðugildi fastra launþega	6,5
Stöðugildi að auki við tímabundna námskeiðskennslu	2
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,2
Óbreytt skipurit og skipulag	
Skýringar	
<p>Á árinu 2009 verður áfram unnið eftir skipuriti þekkingarsetursins frá árinu 2006.</p> <p>Gerðar voru breytingar um áramót 2008-2009 á símenntunarsviði til að bregðast við breyttum atvinnu- og efnahagsaðstæðum. Á árinu 2009 verður þannig sérstök áhersla lögð á faglega vinnu og þjónustu við atvinnuleitendur og/eða atvinnulífið.</p> <p>Á árinu 2008 fékkst fjármagn til eflingar námsþjónustu við íbúa norðausturhorns starfssvæðinsins með uppbyggingu starfsstöðvar á Þórshöfn. Brún þörf hefur verið til langs tíma á slíkrri eflingu grunnþjónustu fyrir fullorðna. Ráðgert er að opna þessa starfsstöð í júlí 2009 í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.</p> <p>Alls er gert ráð fyrir 6,5 stöðugildum í föstu starfi.</p> <p>Starfsemi á símenntunarsviði þekkingarsetursins hefur aukist töluvert undanfarin misseri. Reiknað er með að almenn námskeiðskennsla á símenntunarsviði verði áþekkt og á liðnu ári og útheimti sem svarar um 2 stöðugildum í tímabundnum kennsluverkefnum. Sérstök áhersla verður lögð á viðbrögð og námsþjónustu við atvinnuleitendur á árinu 2009.</p> <p>Á rannsókn- og þróunarsviði hefur starfsemi eflst mikið með tilkomu starfsmanns við rannsókn- og þróunarvinnu frá miðju ári 2007. Þá er einn starfsmaður nær alfarið í svokölluðu sjálfbærniverkefni í samstarfi Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnets. Ráðgert er að tímabundin rannsókn- og þróunarverkefni utanaðkomandi aðila muni alls útheimta um 1,2 stöðugildi.</p>	

HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarsetursins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Svæðið er stórt að flatarmáli en fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.



Starfssvæði Þekkingarseturs
Þingeyinga nær frá
Vaðlaheiði til Bakkafjarðar.

Starfssvæði Þekkingarsetursins nær nú yfir 7 sveitarfélög, frá Vaðlaheiði (Þingeyjarsveit) í vestri að Bakkafirði (Langanesbyggð) í austri. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs með ströndinni er um 320 km. Þar af er ríflega þriðjungur á malarvegi. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.

Húsnæði

Húsnæðismál	2008	Áætlun fyrir 2009
Húsnæði á Húsavík	Garðarsbraut 19, Húsavík fram til 30. nóvember Hafnarstétt 3, Húsavík frá 1. desember Kennsluástaða leigð í tíma	Húsnæði að Hafnarstétt 3, Húsavík. Í ársbyrjun í um 300 fm en frá vori verði allt húsnæði að Hafnarstétt 3 fengið til notkunar fyrir starfsemina eða alls um 400 fm. Leigusamningur gerður við Hvalasafnið á Húsavík um kennslu- og fyrirlestraral að Hafnarstétt 1
Húsnæði á Þórshöfn		Tekið verði í notkun nýtt leiguhúsnæði á Þórshöfn sumarið 2009 í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum og Langanesbyggð

Á árinu 2008 urðu þau skil í starfsemi Þekkingarsetursins að nýtt húsnæði var tekið í notkun. Eftir að hafa verið sagt upp húsnæðisleigu í eldra húsnæði að Garðarsbraut 19 í árslok 2008 fékkst leiguhúsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða nýuppgergt eldra timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarsetursins og tengdra stofnana. Flutt var inn í húsið í desember 2008. Fyrst um sinn deila Þekkingarsetrið og samstarfsstofnanir þess húsnæðinu með Orkuveitu Húsavíkur, en Orkuveitan mun svo færa sig um set.



Vetrarmynd af nýju húsnæði þekkingarsetursins að Hafnarstétt 3 á Húsavík.

(Mynd: Heimir Harðarson)

Áætlun 2009: Húsnæði, starfssvæði

Þekkingarsetrið mun starfa að Hafnarstétt 3, Húsavík í leiguhúsnæði.

Starfsstöð/fræðslusetur þekkingarsetursins á Þórshöfn verði opnað um mitt ár 2009

Leigusamningur verður gerður um kennslurými og fyrirlestrasal Hvalasafnsins á Húsavík

Skýringar

Þekkingarsetrið hefur fengið leiguhúsnæði til nota á Húsavík sem að líkindum mun verða til næstu framtíðar. Húsnæðið hentar afar vel fyrir starfsemina og er vel staðsett miðlægt í bænum. Húsnæðið er ekki stórt, eða innan við 400 m², en mun þó duga fyrir núverandi starfsemi svo fremi sem allt húsnæðið fæst undir starfsemina. Samkomulag var gert áður en flutt var inn í húsnæðið um að það myndi verða fyrir mitt ár 2009.


Sem hluti af átaksverkefninu um fræðslustarfsemi á NA-horninu er stefnt að opnun starfsstöðvar þekkingarsetursins á Þórshöfn. Þar verður starfsemi í sameiginlegu húsnæði með námsveri Framhaldsskólans á Laugum.

Þekkingarsetrið mun viðhalda leigusamningi sem gerður var um áramót 2008-2009 við Hvalasafnið á Húsavík um nýtingu fyrirlestra- og kennslusals í næsta húsi eða að Hafnarstétt 1.

Við námskeiðarekstur í dreifbýli og um héraðið verður áfram byggt á samstarfi og leigusamkomulagi við grunnskóla/sveitarfélög og stéttarfélagin um húsnæðiskost.

SÍMENNTUNARVIÐ

Markmið símenntunarsviðs 2008-2009	Áætlun fyrir 2008	Niðurstaða 2008	Áætlun fyrir 2009
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	35	47	45
Fjöldi námsleiða (vottaðar námsleiðir FA):	4	3	5
Fjöldi kenndra stunda:	900	1579	1600
Fjöldi kenndra nemendastunda:	15000	17043	17000
Þátttakendur	400	412	450
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	150	196	170



Kynjahlutfall - símenntun

Kynjahlutfall námskeiðspáttakenda árið 2008. Kynjahlutfallið er áþekkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla.

Áherslur

Á árinu 2008 lagði Þekkingarsetrið aukna áherslu á að bjóða upp á stærri námsleiðir eftir námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins (FA) ásamt starfstengdu námi. Eins var fyrri hluta ársins mikil áhersla lögð á nýbúafræðslu og íslensku- og aðlögunarnám fyrir útlendinga. Erfitt getur reynst að meta þörf og áhuga á námsframboði á hinu víðfeðma og dreifbýla starfssvæði Þekkingarsetursins en með því að nýta upplýsingar náms- og starfsráðgjafa úr viðtölum við skjólstæðinga sína er auðveldara að kortleggja námsþarfir íbúa svæðisins. Á árinu 2008 voru reknar þrjár námsleiðir sem fóru langt með að nýta allt framlag FA til kennslu námsleiða á vegum Þekkingarsetursins. Rekstur þessara stærri námsleiða í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins endurspeglar að verulegu leyti þann mikla fjölda nemendastunda sem mældist á árinu sökum verulega meira umfangs þessara leiða en flestra styttri námskeiða.

Samstarf og þróunarvinna

Forstöðumaður ÞP (ÓH) hefur verið í stjórn Kvasis - samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni - frá vori 2007. Frá vori 2008 sá ÓH f.h. Þekkingarsetursins um formennsku í samtökunum.

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum Kvasi og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarsetrið hefur átt slíkt samstarf á árinu um ýmis þróunarverkefni á sviðinu, t.a.m. námskráargerð fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þá hefur Þekkingarsetrið leitt þróunarvinna í námskrár- og námsefnisgerð fyrir nýbúa.

Námsleiðir

Á vorönn fóru tvær námsleiðir af stað samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins kenndar á vegum Þekkingarsetursins. Þær voru Færni í ferðaþjónustu I (60 kest.) og Fagnám starfsmanna leikskóla (210 kest.).

Námskeið

Þátttaka í hefðbundnu námskeiðahaldi dróst saman á sumum sviðum á árinu 2008 og eftirspurn eftir stuttum tómtunda-, tungumála- og tölvunámskeiðum var minni en undanfarin ár. Á móti kom töluverð fjölgun á íslenskunámskeiðum um allt starfssvæði Þekkingarsetursins en m.a. tókst að halda nokkur slík á Bakkafirði sem Þekkingarsetrið hóf þjónustu við á síðasta ári.

Námskeið 2008**Námskeið haldin á vorönn**

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Akademísk vinnubrögð	15	8	Húsavík – Fjarrennt frá Háskólastettri Vestfjarða
Brauð og bollur	9	7	Húsavík
Enska II	40	7	Húsavík
Enska III	40	7	Húsavík
Gítar fyrir kennarar	12	9	Húsavík
Hleðsla ríffilskota	5	4	Húsavík
Hraðlestur	18	7	Húsavík
Innanhúss arkitektúr	15	9	Húsavík
Matur, vinna og hollusta	30	8	Laugar
Matur og gestamóttaka	9	4	Húsavík
Pólska I	20	5	Húsavík
Silfurskartgripir	12	6	Aðaldalur
Skemmtidagur ferðapjónustunnar	12	12	Norður-Þingeyjarsýsla
Svefnvandamál barna	5	5	Fjarrennt - Foreldraskólinn
Tölvur – Excel	12	7	Húsavík
Tölvur II	8	6	Húsavík
Tölvur II	8	7	Þórshöfn
Tölvur 60+	12	5	Húsavík
Velgengni og vellíðan	30	19	Húsavík
Fjöldi alls: 19	Alls: 312	Alls: 142	

Íslenskunámskeið haldin á vorönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Íslenska I	50	11	Húsavík
Íslenska I	50	5	Laugar
Íslenska I	50	8	Þórshöfn
Íslenska II	50	12	Húsavík
Íslenska II	50	8	Húsavík
Íslenska II	50	5	Þórshöfn
Íslenska III	50	5	Húsavík
Íslenska III	50	7	Laugar*
Fjöldi alls: 8	Alls: 400	Alls: 61	

Námskeið haldin á haustönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Heilsurækt – sundnámskeið	15	5	Húsavík
Skriðsundsnámskeið	15	10	Húsavík
Tölvuleikni I	32	4	Þórshöfn
Viðburðastjórnun	8	9	Húsavík
Fjöldi alls: 19	Alls: 70	Alls: 28	

Íslenskunámskeið haldin á haustönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Íslenska I	50	8	Húsavík
Íslenska II	50	5	Bakkafjörður
Íslenska II	50	6	Laugar
Íslenska II	50	7	Þórshöfn
Íslenska II	50	6	Bakkafjörður
Íslenska II	50	8	Húsavík
Íslenska II	50	8	Húsavík
Íslenska III	50	6	Þórshöfn
Íslenska III	50	7	Húsavík
Íslenska IV a	50	7	Húsavík
Íslenska V	30	7	Húsavík
Fjöldi alls: 11	Alls: 530	Alls: 75	

Töluvert af námskeiðum, einkum styttri námskeiðum og tómstundanámskeiðum, féllu niður á árinu. Helst má geta sér þess til að hrun efnahagskerfis þjóðarinnar eigi þátt í því. Sömuleiðis hafa húsnaðisbreytingar þekkingarsetursins haft einhver áhrif þar sem Landsbanki Íslands sagði upp leiguhúsnaði stofnunarinnar og þurfti að losa það á miðju haustmíssi. Því var erfiðara um vik að sækja þátttakendur eins á námskeið og áður á meðan á flutningur og undurbúningur hans stóðu yfir.

Aðgerðir vegna efnahags- og atvinnuástands

Á haustmánuðum, við efnahagshrun þjóðarinnar, hafði þekkingarsetrið frumkvæði að samráði við lykilaðila og –stofnanir sem tengjast atvinnulífinu á svæðinu. Þar var um að ræða Vinnuálastofnun/Vinnumiðlun NA-lands, Félagsþjónustu Norðurlands og Framsýn-stéttarfélag. Upp úr þessu samráði var stofnað til stærri fundar með öllum aðilum úr stoðkerfi stjórnsýslunnar og atvinnulífs á svæðinu. Úr þeim hópi var komið á stýrihópi um velferðarmál sem þekkingarsetrið á fulltrúa í.

Auk námskeiða og námsleiða sem talin eru upp hér að framan má nefna að á árinu 2008 bauð þekkingarsetrið upp á dagskrá, íbúum Þingeyjarsýslna að kostnaðarlausu, sem tengd var hvoru tveggja efnahagshruninu og atvinnuleysi í kjölfar þess og flutningum stofnunarinnar. Sú dagskrá innihélt fyrirlestur Brynhildar Pétursdóttur um vitund neytenda, fyrirlestur Láru Ómarsdóttur um kreppuráð og jólakvöld Sigríðar Hauksdóttur og Sunnu Guðmundsdóttur. Sú dagskrá var mjög vel sótt í heild en aðsókn dreifðist þó ójafnt á einstaka viðburði.

Auk þeirra námskeiða og fyrirlestra sem rakin eru að framan var gripið til fleiri beinna aðgerða til að bregðast við breyttum aðstæðum. Eftirfarandi helstra:

- Þarfagreiningarrannsókn fyrir atvinnuleitendur framkvæmd í desember í samstarfi við vinnumarkaðsráð og Vinnumálastofnun
- Náms- og starfsráðgjöf var beint sérstaklega á hóp atvinnuleitenda
- Opnu húsi var komið á fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við stýrihóp um velferðarmál
- Starfskröftum símenntunarsviðs var beint sérstaklega á hagnýtar námsleiðir og námsþjónustu fyrir atvinnuleitendur. Í þeim tilgangi var starfi fagstjóra nýbúafraeðslu breytt í almenna verkefnastjórn á símenntunarsviði.


Náms- og starfsráðgjöf

Verkefnið *Þitt val – þín leið* í náms- og starfsráðgjöf fór af stað í september árið 2006 hjá Þekkingarsetri Þingeyinga í kjölfar samninga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Verkefnið gekk vel á árinu 2008 og töluverð aukning var á notendum þjónustunnar frá árinu áður.

Á árinu 2008 náði náms- og starfsráðgjafarverkefnið til 17 fyrirtækja þar sem haldin var kynning á náms- og starfsráðgjöf. Á kynningarnar komu 177 einstaklingar, 128 þeirra skiluðu sér í viðtöl eða að meðaltali um 72% þeirra sem sátu kynningu. Mikil aukning var á einstaklingum sem komu af eigin frumkvæði í viðtal en þeim fjölgaði um rúmlega helming frá árinu áður. *Heildarfjöldi viðtala á árinu 2008 var því 196 viðtöl.* Af þessum 196 einstaklingum sem komu í viðtöl frá 1. Janúar-31. desember komu 77 einstaklingar í endurkomuviðtöl.

Á haustmánuðum 2008 varð aukning viðtala við einstaklinga sem eru í atvinnuleit. Unnið var í samstarfi við Vinnumálastofnun Norðurlands eystra um framkvæmd þarfagreiningar með það í huga að kanna þarfir hópsins fyrir þjónustu og úrræði á meðan á atvinnuleit stendur. Verkefnið gekk vel og náði til 39 einstaklinga sem svöruðu könnun og af þeim komu 24 einstaklingar í viðtal til ráðgjafa í kjölfarið. Búast má við töluverðri aukningu viðtala á þessu sviði árið 2009 þar sem atvinnuleitendum fer fjölgandi.


Kynjahlutfall Náms- og starfsráðgjöf



Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf árið 2008 er svipað og árið 2007. Eins og á fyrri árum er hlutfallið áþekkt því sem sjá má meðal námskeiðspátttakenda.

Aldurshlutfall í náms- og starfsráðgjöf árið 2008. Meðalaldur hópsins sem sótti ráðgjöf frá 1. janúar til 31. desember 2008 var 38,2 ár. Jafn margir komu úr hópi 25 til 40 ára og úr hópnum 40 ára og eldri. Fæstir voru yngri en 24 ára. Þetta er örlítil breyting frá því árið 2007 en þá komu langflestir úr hópnum 41 árs og eldri eða 56%.

Aldurshlutfall Náms- og starfsráðgjöf



HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Háskólanámssvið árið 2008		
Markmið 2008?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
Háskólanámsver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og aukinni þjónustu við nema	Já	Aukið rými í nýju húsnæði (des. 2008). Tækjakostur og aðstaða bætt (gormavél, sérprentari, skrifstofuáhöld f. nema)
Háskólanemum verði boðin námsráðgjöf með skipulegum hætti.	Já	Námsráðgjöf auglýst fyrir háskólanema. Fjöldmörg ráðgjafarviðtöl háskólanema á árinu.
Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt (án gjaldtöku fyrir nemana).	Já	Fjarpróf haldin á fimm stöðum á starfssvæði ÞP, Prófaumsjón sett í fastan farveg (m. „prófstjóra“) innanhúss. Engin gjaldtaka.
Komið verði upp 2 háskólanámsverum á starfssvæði ÞP (1 í suðursýslu og 1 í norðursýslu).	Nei/já	Fjármögnun tókst fyrir opnun námsvers-/starfstöðvar í norðursýslu (á Þórshöfn). Eftir samráð v. heimamenn ákveðið að biða með opnun þar til um mitt ár 2009. Fjarfundabúnuðum haldið úti á sex stöðum á starfssvæði þekkingarsetursins.
Forstöðumaður kenni við samstarfsháskóla á sérsviði sínu eftir því sem tími gefst og óskað er eftir (stundakennslu við H.A. verði haldið áfram).	Já	Forst.m. stundakennari með 1 námskeið við H.A. á haustmíssi 2008
Unnið verði markvisst að því að fá stuðning við opnun fræðsluseturs á Þórshöfn, sem innifeli rekstur háskólanámssseturs.	Já	Fjármögnun fékkst til 1 árs með styrkveitingu v. mótvægisáðgerða. Verkefni hefst á miðju ári 2009.

Námsver og þjónusta

Þekkingarsetrið sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla, og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Það þýðir að háskólanemar sem búsettir eru við Mývatn, á Kópaskeri, Bakkafirði og Húsavík hafa allir sinn sama farveg til fjarnámsþjónustu í sínu héraði í gegnum þekkingarsetrið. Fjær Húsavík er fyrst og fremst um prófaumsjón að ræða og ráðgjöf, formlega og óformlega. Í þéttbýlinu á Húsavík, þar sem flestir íbúar héraðsins eru, er þjónstan víðtækari með háskólanámsverinu sem þar er rekið.

Háskólanámsverið var rekið eins og fyrri ár í húsnæði þekkingarsetursins að Garðarsbraut 19 á Húsavík fram í nóvember 2008. Frá 1. desember var starfsemin flutt í hið nýja húsnæði þekkingarsetursins að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Sólarhringsaðgangur var að vinnuaðstöðunni fyrir háskólanema á árinu 2008. Með flutningum batnaði mikið húsnæði og vinnuaðstaða háskólanemanna. Bæði er húsnæðið mun vistlegra og vinnuvænna t.a.m. varðandi lýsingu, hita og aðra slíka þætti. Þá var aðstaða bætt með sérstökum prentara fyrir

háskólanámsverið og aðgengi að skrifstofutækjum og –áhöldum s.s. gormavél, pappírshníf og öðru slíku. Þekkingarsetrið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanemum utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun.

Mikil aukning varð á prófaumsjón fjarprófa á starfssvæði Þekkingarsetursins árið 2008, einkum á haustmíssi. Þekkingarsetrið tekur að sér prófaumsjón og –yfirsetu fyrir alla háskóla og nema sem þess óska hvar sem er innan starfssvæðis Þekkingarsetursins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu.

Sem fyrr hafa háskólanámsverið og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarsetursins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna innan Þekkingarsetursins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.

Háskólakennsla

Haustið 2008 sá forstöðumaður um stundakennslu á sérsviði sínu við Háskólinn á Akureyri. Um er að ræða fasta kennslu og umsjón með námskeiði um mat á umhverfisáhrifum og skipulag. Tekjur af þessari kennslu renna beint til Þekkingarsetursins. Á haustmíssi 2008 jókst einnig notkun á fjarfundabúnuðum til kennslu frá Húsavík til háskólanna. Fyrir utan fyrrnefnda reglulega kennslu forstöðumanns við Háskólann á Akureyri kenndu tveir menn sem búsettir eru á Húsavík í tveimur háskólanámskeiðum með þessum hætti. Annars vegar var um að ræða kennslu í safnafræðum við Háskóla Íslands og hins vegar í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Það er stefna Þekkingarsetursins að auka nýtingu fjarfundabúnaða með þessum hætti og nýta þannig sérhæfða starfskrafta innan stofnunarinnar og utan á starfssvæði setursins til kennslu í háskólum landsins. Með þeim hætti má snúa hefðbundinni hugsun um fjarnám við og gera háskólakennslu af landsbyggðinni mögulega í auknum mæli.

Áætlun 2009: Háskólanámssvið

Háskólanámsver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og aukinni þjónustu við nema.

Bætt verði við skrifborðum fyrir háskólanema þannig að vinnuástaða verði fyrir a.m.k. 10 nema.

Áherslum í rekstri námsversins verði breytt með þeim hætti að fullorðnu námsfólki á öðrum skólastigum en háskólastigi verði boðið að nýta vinnuástöðu á meðan rúm leyfir.

Leitað verði samstarfs við framhaldsskóla héraðsins (FSH/FL) um aukin tengsl háskólanáms- og framhaldsskólamenntunar. Horft verði til samvinnu um námsframboð, vinnuástöðu og starfskrafta.

Háskólanemum standi til boða námsráðgjöf með skipulegum hætti.

Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt í helstu þéttbýliskjörnum svæðisins, án gjaldtöku.

Stofnað verði fræðslusetur á Þórshöfn sem verði starfsstöð þp á NA-hluta starfssvæðisins. Setrið verði rekið frá miðju ári með starfsmanni þp í fullu starfi og í samstarfi við Frhsk. á Laugum.

Háskólakennslu frá starfssvæði þp til háskólanna verði áframhaldið og hún eftir atvikum aukin. Leitað verði leiða til að nýta starfskrafta innan og utan þp til kennslu í háskólum landsins.

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Rannsókn- og þróunarsvið árið 2008		
Markmið 2008?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
Starfsemi rannsókn- og þróunarsviðs verði eflað og treyst með því að festa í sessi stöðugildi sérfræðings á sviðinu með auknum rannsóknaverkefnum og þjónusturannsóknum.	Já	Á árinu 2008 var sérfræðingur á rannsóknasviði fastráðinn. Útselt langtíma verkefni, fór af stað í ársbyrjun (sjálfbærni verkefni) sem útheimti annan starfsmann í fullu starfi.
Staðið verði fyrir a.m.k. 4 rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu	Já	4 verkefni sem 5 háskólanemar unnu sumarið 2008
Hafin verði þátttaka í alþjóðlegum rannsókn- og þróunarverkefnum með samstarfsaðilum	Já	Svæðisumsjón á Norðurlandi í sk. NEED-NPP-verkefni með Háskólasetrinu á Höfn, Vatnajökulspjóðgarði o.fl. Viðtalsrannsókn með erlendum ráðgjafa, John Hull, í tengslum við stefnumótunarvinnu í ferðapjónustu á Norðausturlandi
Komið verði á reglulegu, föstu samráðsfyrirkomulagi með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga um nýsköpunar- og þróunarverkefni sem tengjast starfssvæði stofnananna.	Já/nei	Föstum samráðsfundum komið á á tveggja vikna fresti að hausti 2008. Fundir féllu niður alloft.
Eflað verði samstarf stofnana á þekkingarsviði á starfssvæði þekkingarsetursins.	Já	ÞÞ leiðir samstarf stofnana innan veggja húsnæðis að Hafnarstétt 3. Mikil áhersla lögð samstarf stofnana á árinu 2008. NEED-samstarfshópur notaður til að þróa samráðsvettvang stofnana og fyrirtækja.
Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þekkingarsetursins.	Já	Staðið fyrir rannsókn/samantekt um mannfjöldapróun á starfssvæði ÞÞ. Miðað við mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands í árslok. Regluleg útgáfa áformuð í ársbyrjun.
Komið verði á fyrirlestraröð á vegum þekkingarsetursins frá hausti 2008	Já/nei	Reglubundinni fyrirlestraröð náðist ekki að koma á að hausti 2008. ÞÞ stóð þó fyrir nokkrum fyrirlestrum á árinu 2008.

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarsetursins fólst líkt og verið hefur í meginatriðum í þremur þáttum á árinu 2008:

- Rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
- Rannsókn- og ráðgjafarvinnu forstöðumanns og sérfræðings á rannsókn-/þróunarsviði.
- Samstarfi við ýmis stærri þróunar- og rannsóknaverkefni.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2008 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsókn- og þróunarverkefni. Hvatningarpóstar voru sendir á póstlista þingeyskra háskólanema, auglýsingar birtar og annarra leiða leitað til að ná til þess hóps og virkja til samstarfs. Eitt markmiðið er að efniviður slíkra verkefna tengist héraðinu og/eða þau skapi atvinnu fyrir háskólanema úr héraði.

Á árinu 2008 voru unnin 4 verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við Þekkingarsetrið. Verkefni voru ýmist fjármögguð utan frá úr Nýsköpunarsjóði námsmanna eða úr Verkefnasjóði Þekkingarsetursins

Verkefni	Umsjón/samstarf	Nemandi
Gerð jarðvareffirlitskerfis á GIS-formi	ÞÞ (ÓH/HR) Ragnar Stefánsson, Veðurstofa Ísl., H.A. og Skjálftafélagið á Kópaskeri.	Írena Björk Ásgeirsdóttir , 3. árs nemi í landafræði/jarðfræði (Húsavík) Málfríður Ómarsdóttir , 3. árs nemi í landafræði (Reykjavík)
Búsetugæði – þarfagreining/könnun meðal brottfluttra Þingeyinga	ÞÞ (ÓH/HR)	Gréta Jóhannesdóttir , M.A. nemi í kynjafræðum (Þistilfirði/Svíþjóð)
Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík	ÞÞ (ÓH/HR)	Rannveig Guðmundsdóttir , 3. árs nemi í ferðamálafræði við H.Í. (Húsavík) Andri Valur Ívarsson , 3. árs nemi í hagfræði við H.Í. (Reykjavík/Húsavík)
Stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi (spurningakönnun sumar 2008)	ÞÞ (ÓH/HR)	Rannveig Guðmundsdóttir , 3. árs nemi í ferðamálafræði við H.Í. (Húsavík)

Rannsókn- og ráðgjafarverkefni (önnur en sumarverkefni)

Á árinu 2008 sinnti Þekkingarsetrið nokkrum þróunar-, rannsókn- og ráðgjafarverkefnum. Sum þeirra hafði stofnunin forgöngu en í öðrum tilvikum var leitað til stofnunarinnar. Þessi verkefni voru unnin að mestu af sérfræðingi á rannsókn- og þróunarsviði en einnig forstöðumanni, að hluta til í útseldri vinnu. Þau verkefni sem unnið var að árinu eru eftirfarandi:

- Nýbúar á Húsavík - viðhorfsrannsókn: Samstarfsverkefni Þekkingarsetursins og Framsýnar-stéttarfélags. Viðhorfskönnun gerð meðal nýbúa um þjónustu, viðmót og búsetuskilyrði á Húsavík. Unnið í ársbyrjun 2008.
- Búsetugæðarannsókn: Rannsókn unnin í samstarfi við Vaxtarsamning Norðausturlands. Búsetugæði og almenn viðhorf íbúa Norðausturlands til

lífsgæða, þjónustu og búsetuskilyrða. Hluti rannsóknar unninn af sumarstarfsmanni. Úrvinnsla unnin af rannsóknastarfsmanni þp í lok árs 2008. Skýrsla ókláruð í árslok.

- Sorpsamslag Þingeyinga-viðhorfskönnun: Viðhorfskönnun unnin fyrir sorpsamslag Þingeyinga um þjónustuþætti samlagsins og nýja sorpbrennslu. Skýrsla kláruð í maí 2008.
- Mannfjöldapróun - samantekt: Skýrsla gerð um mannfjöldapróun ásamt aldurs- og kynjaskiptingu íbúa, innan sveitarfélagsins Norðurþings fram til ársins 2007. Skýrsla kláruð í september 2008.
- Sjálfbærni-verkefni: Samstarfsverkefni með Landsvirkjun, Alcoa og Landsneti. Þjónustusamningur undirritaður að hausti 2008 um vinnu við utanumhald sk. sjálfbærni-verkefnis – um þróun sjálfbærni-vísu/mælikvarða við uppbyggingu og rekstur stóriðnaðar á Norðausturlandi og Austurlandi. Starfsmaður í verkefninu í fullu starfi frá september 2008 (Haraldur Reinhardsson).

Þróunar- og samstarfsverkefni

Þekkingarsetrið kom að ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra aðila á árinu 2008:

- NEED (Northern Environmental Education Development). Alþjóðlegt þróunarverkefni sem fór af stað á árinu 2008. Fjármagnað með NPP (Northern Periphery) styrk. Leiðandi aðili verkefnisins á Íslandi er Háskólasetur H.Í. á Höfn í Hornafirði. Þekkingarsetrið fer fyrir hópi aðila á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, en þjóðgarðurinn er starfssvæði verkefnisins. Ráðstefna á vegum verkefnisins haldin í október 2008, þar sem nokkur fjöldi erlendra gesta ásamt íslenskum þátttakendum verkefnisins kom til Þingeyjarsýslu. Svæðisfundir einnig haldnir á Húsavík.
- Stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi. Þróunarverkefni undir stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Um að ræða söfnun og framsetningu upplýsinga og þjónustu í landfræðilegt upplýsingakerfi. Þekkingarsetrið kom að þessu verkefni frá vori 2008 og fram á haust m.a. með því að leggja til verkefnisins vinnu starfsmanns við framkvæmd viðhorfskönnunar og viðtala sumarið 2008.
- Svartárvot – fræðasetur. Þekkingarsetrið hefur verið meðal bakhjarla þessa verkefnis, sem gengur í meginatriðum út á þróun og uppbyggingu akademískrar ferðaþjónustu í Bárðardal. Framkvöðlar verkefnisins eru íbúar Svartárvots í Bárðardal og Viðar Hreinsson, forstöðumaður Reykjavíkúakademiunnar. Aðrir samstarfsaðilar eru Ferðamálastetur Íslands á Akureyri, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fjölmargir fleiri. Verkefnið hefur verið í þróun á árinu 2008, en ekki útheimt mikla vinnu á árinu.
- Ýmis önnur almenn þróunar- og samstarfsverkefni:
 - Samstarf af ýmsu tagi við Náttúrustofu Norðausturlands, rannsókn- og háskólasetur og símenntunarmiðstöðvar á landinu.
 - Byggða- og atvinnutengd verkefni með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga
 - Hýsing og aðstoð við rannsakendur víðs vegar að sem eiga leið um svæðið og stunda rannsóknir sínar í Þingeyjarsýslum, t.a.m. nemendahópa erlendra skóla og fræðimenn.

Fyrirlestrar og framsögur

Á árinu 2008 stóð Þekkingarsetrið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Stefnan hefur verið að koma á legg reglulegru fyrirlestraröð á vegum stofnunarinnar. Ekki náðist það á árinu, en stofnunin stóð þó fyrir ýmsum fyrirlestrum og framsögum. Eftirfarandi helst:

- Ólafsfjörður, Tjarnarborg félagsheimili - maí 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Erindi á ráðstefnu samtakanna Landsbyggðin lífi. „Þekkingarstarfsemi í byggðum landsins“.
- Húsavík, Salka veitingahús – maí 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Kynning og framsaga um starfsemi ÞP á opnum ársfundi Þekkingarseturs Þingeyinga.
- Húsavík, Salka veitingahús – maí 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Kynning og framsaga um starfsemi ÞP á opnum ársfundi Þekkingarseturs Þingeyinga.
- Húsavík, Hvalasafnið - júní 2008. Haraldur Reinhardsson, verkefnisstjóri rannsókn- og þróunarsviði. Framsaga (á ensku) um samfélag og umhverfi Þingeyjarsýslna og starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga. Hópur erlendra háskólanema og -kennara Svartárkots-fræðaseturs
- Húsavík, Salka-veitingahús - september 2008. Haraldur Reinhardsson, verkefnisstjóri rannsókn- og þróunarsviði. Kynning á Sjálfbærni-verkefni Alcoa, Landsvirkjunar og Landsnets.
- Húsavík, Salka veitingahús – september 2008. Selma Kristjánsdóttir, fagstjóri nýbúafræðslu. Opið fræðsluerindi um málefni nýbúa/innflytjenda.
- Húsavík, Salka veitingahús – september 2008. Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir. Opið fræðsluerindi um matvæli og næringu.
- Húsavík, Salka veitingahús – september 2008. Hrefna Regína Gunnarsdóttir. Opið fræðsluerindi um hreyfingu og þjálfun.
- Húsavík, Hvalasafnið - september 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Framsaga og fundarstjórn „vísindakaffis“ á vegum Rannís.



ÓH forstöðumaður ávarpar rektor Háskóla Íslands, Kristínu Ingólfssdóttur, í fjárfundi og aðra gesti við opunarathöfn Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Norðausturlandi. Húsavík.

- Akureyri, Ketilhúsið – september 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Framsaga á ráðstefnu Vinnumálastofnunar/verkefnisstjórnar um atvinnuþátttöku miðaldra og eldra fólks, „Eldri starfsmenn og atvinnulífið - símenntun og sitthvað fleira“.
- Reykjavík, Rúgbrauðsgerðin – október 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Erindi á ráðstefnu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. „Mat á umhverfisáhrifum – hugmyndir og hindranir – væntingar og veruleiki“.
- Húsavík, Gamli Baukur veitingastaður – október 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Framsaga (á ensku) á ráðstefnu NEED (Northern Environm. Educ. Developm.) um þekkingarstarfsemi á Íslandi og samfélag og umhverfi Norðausturlands.
- Húsavík, Félagsheimili Kiwanis - október 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Kynning á verkefnum þekkingarsetursins.
- Þekkingarsetur Þingeyinga – nóvember 2008. Lára Ómarsdóttir. Opið fræðsluerindi um hagnýtt heimilishald. „Kreppuráð“.
- Húsavík, Gamli-Baukur veitingahús – nóvember 2008. Brynhildur Pétursdóttir. Opið fræðsluerindi um neytendamál.
- Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga – desember 2008. Óli Halldórsson, forstöðumaður. Ávarp og fundarstjórn við opunarathöfn Rannsókn- og fræðaseturs H.Í. í sjávarspendýrafræðum á Norðausturlandi, Húsavík.
- Ýmsar smærri kynningar haldnar um starfsemi þekkingarseturs Þingeyinga og samstarfsstofnana að auki í skólum og vinnustöðum innan héraðs.

Útgefið efni

Þekkingarsetrið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit á árinu 2008:

- Málfríður Ólafsdóttir, Írena Björk Ásgeirsdóttir. (2008 (haust)). Landupplýsingakerfi fyrir jarðværeftilit á Norðurlandi. Ragnar Stefánsson. Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga.

Efni skýrslu:

Verkefni unnið sumarið 2008 undir stjórn Dr. Ragnars Stefánssonar í samstarfi þekkingarsetursins, Veðurstofu Íslands og Háskólans á Akureyri. Áfangaskýrsla um upplýsingakerfi fyrir jarðværeftilit, byggt á gögnum um skjálftavirkni frá Norðausturlandi.

- Rannveig Guðmundsdóttir, Andri Valur Ívarsson. (2008 (haust)). Efnahagsleg áhrif ferðapjónustu á Húsavík - tilkoma hvalaskoðunar. Ritstj.: Óli Halldórsson. Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga.

Efni skýrslu:

Verkefni unnið sumar og haust 2008 undir stjórn Óla Halldórssonar. Niðurstöður rannsóknar á efnahagslegum áhrifum hvalaskoðunar á Húsavík. Rannsóknin byggði m.a. á könnun meðal ferðamanna og ferðapjónustuaðila.

- Óli Halldórsson. (2008 (vetur)). Ársskýrsla 2007 - vegvísir-markmið 2008. Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga.

Efni skýrslu:

Ársskýrsla þekkingarseturs fyrir árið 2007 ásamt starfsáætlun ársins 2008.

- Haraldur Reinhardsson. (2008 (vor)). Viðhorfskönnun fyrir Sorpsamlag Þingeyinga. Ritstj. Óli Halldórsson. Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga.

Efni skýrslu:

Viðhorfskönnun meðal íbúa Norðurbings um þjónustu og starfsemi sorphirðu og –eyðingar í Þingeyjarsýslu. Aðkeypt verkefni.

- Haraldur Reinhardsson. (2008 (vor)). Viðhorfskönnun ÞÞ og VHN á meðal erlendra starfsmanna í Norðurbingi. Ritstj. Óli Halldórsson. Húsavík, Þekkingarsetur Þingeyinga.

Efni skýrslu:

Könnun á viðhorfi nýbúa á vinnumarkaði innan sveitarfélagsins Norðurbings. Viðhorf til þjónustu, menntunar og viðmóts m.a. kannað. Viðhorfskönnun með úrtaki af vinnustöðum á svæðinu.

Áætlun 2009: Rannsókn- og þróunarvið

Áfram verði haldið úti a.m.k. 1 stöðugildi sérfræðings í fullu starfi á rannsókn- og þróunarviði sem sinni verkefnaöflun og umsjón rannsóknaverkefna.

Staðið verði fyrir a.m.k. fjórum rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu.

Seld verði sérfræðivinna sem nemur stöðugildi sérfræðings til sjálfbærniverkefnis Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnet skv. samstarfssamningi.

Leitað verði eftir þátttöku í fjármögnuðu(m) alþjóðlegum rannsókn- og þróunarverkefni(-um) sem dregið geta samstarfsaðila, hugmyndir og fjármagn inn á starfssvæði Þekkingarsetursins.

Forganga verði höfð um samstarf stofnana á þekkingarviði á starfssvæði Þekkingarsetursins. Myndaðir verði farvegir til slíks samstarf við rannsókn-, fræðslu- og nýsköpunargeirann.

Haldið verði áfram með búsetugæðarannsókn á samfélagi starfssvæðis Þekkingarsetursins í samstarfi við Vaxtarsamning Norðausturlands.

Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og hagþróun á starfssvæði Þekkingarsetursins. Gefin verði út mannfjöldaskýrsla fyrri hluta árs 2009.

Komið verði á fyrirlestraröð með mánaðarlegum fyrirlestrum á vegum Þekkingarsetursins frá hausti 2009



Starfsemi

Þekkingarsetur
Þingeyinga

árið 2008

Starfsemi innan setursins



Þekkingarsetur Þingeyinga

Miðstöð simenntunar, háskólanáms- og rannsóknna.

•Óli Halldórsson

M.A. umhverfisfræði, B.A. heimspeki, dipl. kennslufræði
Verkefni: Forstöðumaður



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

B.Ed. kennari, M.P.A. nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Verkefnastjóri á simenntunarsviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Nemi í skrifstofustjórnun og skólaritun
Verkefni: Þjónustufulltrúi. Afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Haraldur Reinhardsson

B.A. í samfélags- og hagþróunarfræðum
Verkefni: Verkefnisstjóri á rannsóknarsviði



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

B.A. uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Selma Kristjánsdóttir

B.Ed. kennari, M.A. nemi í fjölmenningarfræðum
Verkefni: Fagstjóri nýbúafræðslu



•Aðalsteinn J. Halldórsson

B.A. stjórnmálafræðingur, M.P.A. nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Sérfræðingur á rannsóknarsviði.



Rannsóknarverkefni

háskólanema í samstarfi við Þekkingarsetrið

•Rannveig Guðmundsdóttir

B.S. ferðamálafræðingur
Verkefni: Efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar á Húsavík og viðtalsrannsókn v. stefnumótunar í ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu
Samstarf við setrið: Starfsmaður Þekkingarsetursins sumarið 2008.



•Gréta Bergrún Jóhannsdóttir

B.A. fjölmiðlafræðingur
Verkefni: Búsetugæði á Norðausturlandi. Viðhorfsrannsókn.
Samstarf við setrið: Starfsmaður Þekkingarsetursins sumarið 2008.



•Andri Valur Ívarsson

B.S. nemi í hagfræði við H.Í.
Verkefni: Efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar á Húsavík
Samstarf við setrið: Hlutastarf við rannsókn sumarið 2008.



Náttúrustofa Norðausturlands

Rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

M.S./B.S. líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

B.S. líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

B.S. líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

B.S. líffræðingur, M.S. umhverfisstjórnun
Verkefni: Sérfræðingur. Náttúruvernd og umhverfismál



Háskóli Íslands

Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík. Hóf starfsemi haustið 2007 og starfar innan veggja Þekkingarseturs Þingeyinga.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

Ph.D. sjávarspendýralíffræði, cand. sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður



•Edda Elísabet Magnúsdóttir

Ph.D. nemi í sjávarspendýralíffræði við H.Í.
Verkefni: Sérfræðingur/doktorsnemi



•Helga Rakef Guðrúnardóttir

B.S. umhverfisfræðingur.
Verkefni: Sumarstarfsmaður 2008



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðisfulltrúi með starfssvæði í Þingeyjarsýslum
Mjólkurfræðingur

•Þorkell Björnsson

Staða: Heilbrigðisfulltrúi



•Málfríður Ómarsdóttir

B.S. nemi í landfræði við H.Í.
Verkefni: Jarðvæðifirlitskerfi á GIS formi
Samstarf við setrið: Rannsóknarvinna sumarið 2008.



•Írena Björk Ásgeirsdóttir

B.S. nemi í landfræði við H.Í.
Verkefni: Jarðvæðifirlitskerfi á GIS formi
Samstarf við setrið: Rannsóknarvinna sumarið 2008.



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í simenntun og háskólafrámami innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Auk þess er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanir sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmi tíma.